

Mat á því sem vantar og hvaða þörfum þarf að mæta til að styðja við sálfélagslega vellíðan

Kynning á nýrri skýrslu: Fyrstu 1000 dagarnir á Norðurlöndunum

Skýrslan **Fyrstu 1000 dagarnir á Norðurlöndunum: Mat á því sem vantar og hvaða þörfum þarf að mæta til að styðja við sálfélagslega vellíðan** verður gefin út 11. maí 2026.

Markmið og efni

Á viðburðinum gefst tækifæri til að kynna sér og heyra um árangursríkar leiðir til að mæta stuðningsþörfum fjölskyldna á Norðurlöndum á fyrstu 1000 dögum í lífi barns.

Lykiláherslur skýrslunnar:

- Helstu stuðningsþarfir fjölskyldna
- Árangursríkar aðferðir til að mæta þessum þörfum
- Hvar skortir úrræði
- Hvar skortir upplýsingar og þekkingu
- Leiðir til frekara norræns samstarfs

Skýrslan dregur saman nýjustu rannsóknir, innsýn sérfræðinga og gagnreynd úrræði til að efla sálfélagslegan stuðning við fjölskyldur frá meðgöngu þar til barnið verður tveggja ára. Niðurstöðurnar geta nýst í næsta áfanga norræns samstarfs og stutt löndin í að aðlaga tillögur að eigin aðstæðum.

Viðburðurinn er ætlaður sérfræðingum á sviði stefnumótunar, meðgönguverndar, ung- og smábarnaverndar, þeim sem vinna að þróunarstarfi í málaflokknum og þeim sem taka ákvarðanir á þessu sviði á Norðurlöndum.

Dagskrá 11. maí 2026

13.00 Setning

13.05 Kynning á helstu niðurstöðum skýrslunnar Fyrstu 1000 dagarnir á Norðurlöndunum: Mat á því sem vantar og hvaða þörfum þarf að mæta til að styðja við sálfélagslega vellíðan

13.35 Spurningar frá áhorfendum

13.40 Pallborðsumræður: Fulltrúar frá Norðurlöndunum

14.15 Spurningar frá áhorfendum

15.25 Lokaorð

15.30 Rafrænum viðburði lýkur

Tímasetningar eftir tímabeltum

14.00–15.30 (Finnland)

13.00–14.30 (Noregur, Svíþjóð, Danmörk)

11.00–12.30 (Ísland)

Taktu þátt í að skapa börnum jöfn tækifæri til heilsu og velfarnaðar við upphaf lífsins á Norðurlöndunum

[Skráning hér](#)

Skýrslan er hluti af starfi Norræna tengslanetsins um fyrstu 1000 daga barnsins – heilbrigt upphaf í lífinu, sem hefur það að markmiði að efla miðlun þekkingar og samstarf sem styður við þroska og vellíðan barna frá meðgöngu til tveggja ára aldurs á öllum Norðurlöndum. Árið 2026 gegnir Danmörk formennsku í tengslanetinu. Skýrslan var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni og unnin af Itla Children's Foundation í Finnlandi.

Ef þú hefur spurningar um viðburðinn skaltu endilega hafa samband!

Jonna Lehtikoinen
jonna.lehtikoinen@itla.fi



Nordic Welfare
Centre

itla
Children's
Foundation